

Minnisblað vegna tómstundaheimila í Garðabæ.

Á tómstundaheimilum Garðabæjar dvelja tæplega 500 börn í 1. - 4. bekk. Það fylgir því mikil ábyrgð að tryggja öryggi og velferð svo ungra barna og samhliða því að bjóða upp á áhugavert og hvetjandi tómstundastarf. Það er vilji allra sem að starfsemi tómstundaheimilanna koma að þar sé unnið af fagmennsku, starfið sé metnaðarfullt, innihaldsríkt og fjölbreytt.

Það er umtalsverð vinna að hafa yfirsýn yfir starfsemina þ.e. stýra starfsmönnum og stórum hópi barna á réttar starfsstöðvar, skipuleggja starfið með það í huga að allir fái tómstundatilboð við hæfi, tryggja allir séu á tilbúnir á réttum stað á réttum tíma t.d. í tengslum við akstur frístundabíls og eiga í daglegum samskiptum við forráðamenn símleiðis og/eða í tölvupósti. **Til þess að bæta innra starf tómstundaheimila leggur skóladeild til að umsjónarmenn frístundaheimila verði í framtíðinni án barna þ.e. að ekki sé reiknað með að þeir sinni 12 börnum á dag líkt og aðrir starfsmenn.**

Faglegt starf kallar á fræðslu starfsfólks um ýmsa þætti s.s. skyndihjálp, einelti, forvarnir ýmis konar, samskipti, hegðunarfrávik o.fl. **Til þess að auka fagmennsku tómstundaheimila leggur skóladeild til að starfsfólk fái tvo starfsdaga ár hvert til fræðslu, samráðs og símenntunar.** Þessir dagar verða einn á hvorri önn, þeir sömu og sameiginlegir starfsdagar leik- og grunnskóla. Það hefur, að jafnaði, í för með sér minnst rask fyrir foreldra sem margir hverjir þurfa hvort sem er að gera ráðstafanir vegna annarra barna þessa daga. Með þessu gefst starfsfólki tómstundaheimila einnig kostur á samstarfi við starfsfólk heimaskóla sem og annarra tómstundaheimila.

Öll börn þurfa á síðdegishressingu að halda en erfitt fyrir ung börn að halda utan um matarmál og geyma nesti. **Skóladeild leggur því til að síðdegishressing verði innheimt jafnhliða frístundagjaldi hjá öllum nemendum.**

Opnunartími tómstundaheimila hefur ýmist verið til 17 eða 17:15. **Til að gæta samræmis í þjónustu leggur skóladeild til að öll tómstundaheimili verði opin frá því að skóladegi lýkur og til 17:00.**

Sé tekið mið af núgildandi fjárhagsáætlun yrði kostnaðarauki vegna breytinga af þessu tagi enginn. Kostnaður ef tekin eru barngildi af umsjónarmanni er um 5.500.000.- ár ári eða sem svarar 35% stöðuhlutfalli almenns starfsmanns á hvert tómstundaheimili bæjarins. Kostnaður vegna starfsdaga er um 500.000.- á ársgrundvelli. Til þess að mæta þessum kostnaði er lagt til að umsjónarmenn tómstundaheimila sjái sjálfir um að panta og útbúa síðdegishressingu. Niðurgreiðsla bæjarins vegna síðdegishressingar er nú um 6.068.000.- króna á ári samkvæmt fjárhagsáætlun. Í vetur var gerð tilraun í einum

skólanna, þar sá umsjónarmaður um innkaup á síðdegishressingu og tókst að bjóða öllum nemendum upp á holla og næringarríka síðdegishressingu án þess að til hafi komið niðurgreiðsla frá bænum.

Það er mat skóladeildar að þessar aðgerðir séu til þess fallnar að auka gæði innra starfs frístundaheimila, svara kalli foreldra og starfsfólks skólanna um faglegt og metnaðarfullt starf **með engum tilkostnaði og lámarks þjónustuskerðingu.**